



## Fundargerð menningarmálanefndar 05. nóvember 2015

Menningarmálanefndarfundur 5.11.15

Fundur hófst 16:30 og mætt voru: Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Steingrímur Róbert Árnason, Ingólfur Daði Jónsson, Hreiðar Geirsson, Elísa Joensen og Berghildur Fanney Hauksdóttir menningarmálafulltrúi. Ingólfur Daði ritaði fundargerð.

### 1. mál: Umræður um DM16

DM gerðir upp, kostnaður, hvað betur mætti fara o.s.frv. Heilt yfir er menningarmálanefnd mjög ánægð með DM16.

### 2. mál. Rithöfundarlestin.

27.nóv kemur rithöfundarlestin til Vopnafjarðar eins og undanfarin ár. Um er að ræða 5-10 rithöfunda sem verða að "túra" um Austurland þessa daga. Rætt um kostnað og staðsetningu þar sem Skemmtifélagið er með Miklagarð þessa helgi. M.m.f. falið að ganga frá húsnæðismálum.

### 3. mál Kveikt á jólatrénu 29.Nóv

Rætt um breytingar á þessum viðburði og nefndin sammála um að leggja meiri áherslu á viðburðinn sem skemmtun fyrir börnin.

### 4. mál. Dagskrá 23.des

Menningarmálanefnd sammála um að viðburðir þann 23.des séu ekki í höndum nefndarinnar heldur hafi einkaaðilar í bænum kost á að sjá um það eins og það var hér á árum áður.

### 5.mál. Jólaball á milli jóla og nýárs.

Umræða um jólaball á milli jóla og nýárs. Hugmyndir ræddar um að sameina ball í Staðarholti og í Miklagarði í eitt jólaball, mögulega að ballið yrði í Staðarholti annaðhvert ár og Miklagarði hitt. M.m.n. sammála um að kanna vilja á sameiningu. Rætt um mögulegar styrkveitingar til kvenfélagsins á móti.

Ekkert meira á dagskrá fundi slitið 18:00